

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 167/2022

2022/EES/66/03

frá 10. júní 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2051 frá 24. nóvember 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* PTA-6507, *Bacillus velezensis* NRRL B-50013 og *Bacillus velezensis* NRRL B-50104 sem fóðuruakefni fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.)⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2080 frá 26. nóvember 2021 um leyfi fyrir L-histidínmonóhýdróklóríðmónóhýdrati, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* NITE SD 00268, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir að undanskildum fiskum⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2090 frá 25. nóvember 2021 að því er varðar synjun um leyfi fyrir titandíoxíði sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 435. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2094) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „436. **32021 R 2051:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2051 frá 24. nóvember 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* PTA-6507, *Bacillus velezensis* NRRL B-50013 og *Bacillus velezensis* NRRL B-50104 sem fóðuruakefni fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) (Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 19).
437. **32021 R 2080:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2080 frá 26. nóvember 2021 um leyfi fyrir L-histidínmonóhýdróklóríðmónóhýdrati, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* NITE SD 00268, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir að undanskildum fiskum (Stjtið. ESB L 426, 29.11.2021, bls. 23).
438. **32021 R 2090:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2090 frá 25. nóvember 2021 að því er varðar synjun um leyfi fyrir titandíoxíði sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 160).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 426, 29.11.2021, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 160.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/2051, (ESB) 2021/2080 og (ESB) 2021/2090, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.